



Björgólfur Thor Björgólfsson
Samson ehf.
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

Hafnarfjörður, 18. ágúst 2003

Minnisblað um framlag LÍ í afskriftareikning útlána 1. júlí 2002 – 30. júní 2003

Við höfum samkvæmt beiðni ykkar borið saman áætluð og raunveruleg framlög í afskriftareikning útlána hjá Landsbanka Íslands (LÍ) á tímabilinu 1. júlí 2002 til 30. júní 2003. Við byggjum samanburðinn á áætlun stjórnenda LÍ, dags. 2. október 2002, ársreikningi 2002 og árshlutareikningum 30. júní árin 2002 og 2003.

Afskriftareikningur útlána er notaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi bankans. Útlán og aðrar skuldbindingar eru metnar með tilliti til tapsáhættu og á grundvelli þess er myndaður afskriftareikningur sem færður er til frádráttar viðeigandi efnahagslið. Framlög í afskriftareikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi en til tekna koma endurgreiðslur vegna áður afskrifaðra útlána. Við endanlega afskrift útlána eru viðkomandi útlán færð úr bókum bankans og afskriftareikningur útlána lækkaður samsvarandi. Framlög í afskriftareikning og innkomin áður afskrifuð útlán, 1. júlí 2002 til 30. júní 2003, voru 4.086,8 milljónir króna eins og eftirfarandi yfirlitsmynd um breytingar á tímabilinu sýnir:

AFSKRIFTAREIKNINGUR ÚTLÁNA (rauntölur)

Hreyfingar á tímabilinu 1.7.2002 - 30.6.2003:	Sérstakur	Almennur	Samtals
Staða í upphafi tímabils (30.6.2002)	4.242,3	1.554,0	5.796,3
Yfirtekið í samstæðu	232,0	238,6	470,6
Framlag á tímabilinu	3.941,5	237,1	4.178,6
Fært út sem endanlega töpuð útlán	(2.975,0)		(2.975,0)
Staða í lok tímabils (30.6.2003)	<u>5.440,8</u>	<u>2.029,7</u>	<u>7.470,5</u>
Framlag á tímabilinu			4.178,6
Innkomin áður afskrifuð útlán			<u>(91,8)</u>
Fært á rekstrarreikning á tímabilinu			<u>4.086,8</u>

Áætlun fyrir sama tímabil gerði ráð fyrir 2.513,2 milljóna króna gjaldfærslu sem er 1.573,6 milljónum lægra en raun varð á. Er þá gengið út frá því að áætluð framlög árið 2003 dreifist jafnt á árið. Ef reiknað er með 18% tekjuskattshlutfalli eru áhrif 1.573,6 milljóna króna mismunar á eigið fé bankans um 1.290 milljónir, þ.e. eigið fé LÍ er um 1.290 milljónum lægra en annars hefði verið.

Virðingarfyllst,

Ingvi Þór Eljådason, KPMG Ráðgjöf ehf.